



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

30. ágúst 2013

Skiptigengi í gjaldeyrisútboði

Samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands dags. þann 23. júlí sl. varðandi gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands sem haldið verður 3.september nk. kom fram í útboðsskilmálum að skiptigengi vegna kaupa bankans á erlendum gjaldeyri í tengslum við sölu ríkisverðbréfa í flokki RIKS 33 0321 yrði birt í lok dags 30. ágúst.

Ákveðið hefur verið að skiptigengi á fjölda eininga ríkisverðbréfa pr. evra skal byggjast á útboðsverðinu og föstu verði ríkisverðbréfsins, sem er 111,403610 kr. pr. eining af ríkisverðbréfinu með áföllnum vöxtum og verðbótum (e. dirty price) miðað við uppgjörsdag 6. september 2013 (ávöxtunarkrafa 2,75%).¹ Formúlan er eftirfarandi: $\text{Skiptigengi} = \text{útboðsverð} / (\text{verð ríkisverðbréfs} / 100)$.

¹ Hreint verð (e. clean price) er 103,8.